



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Steinahlíð

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	5
4	Innra mat	6
4.1	Hlíð	6
4.2	Kjarr.....	8
4.3	Laut	10
5	Innra mat sérkennslu.....	11
5	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	13
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
8	Foreldrasamvinna.....	15
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
10	Fylgiskjöl.....	16
10.2	Umsögn foreldraráðs.....	16





1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn Steinahlíð er lítill þriggja deilda leikskóli. Í skólanum eru öllu jafna 51 barn. Frá og með áramótum hafa börnin þó verið 53. Stöðugildi í skólanum eru um 14.

Starfsmannahald hefur verið nokkuð stöðugt þennan veturinn. Við höfum þó fengið nýjan deildarstjóra á Laut sem er yngsta deildin okkar. Við höfum nokkuð hátt hlutfall af fagmenntuðu fólki. Í leikskólanum Starfa sjö leikskólakennarar, að auki má nefna að við höfum starfsmann sem er langt komin með leikskólakennaranám. Að auki höfum við fólk með aðra menntun. Stjórnendur hafa hvatt starfsfólk til þess að sækja sér menntun.

Við munum halda áfram að leggja áherslu á útiveru og útinám í allri sinni mynd. Við höfum nýtt okkur gróðurhúsið okkar til ræktunar. Það hefur gert það að verkum að við höfum getað byrjað fyrr á vorin að hefja ræktun. Segja má að með tilkomu gróðurhússins hafi skapast hefð fyrir því að elstu börn leikskólans rækta Skjaldfléttu sem þau fá svo afhenta við útskriftarathöfn. Eins og fyrri ár þá bjóðum við öllu starfsfólki og foreldrum allra barna að taka sér smá skika til ræktunar í matjurtargarðinum okkar. Félagasamtökin sumargjöf hafa staðið straum af kostnaði við að plægja garðinn.

Frá áramótum var ákveðið að við mundum prófa að nota nýja aðferð við endurmat á leikskólastarfinu. Við völdum þrjá þætti í leikskólastarfinu sem við ætlum svo að meta þessa önnina. Þættirnir eru: **Hópastarf, útinám og félagsfærni**. Farið er yfir þessa þætti á deildarfundum sem haldnir eru reglulega. Markmiðið með þessum breytingum meðal annars að allar deildir skólans gangi í takt. Aðrir þættir verða svo valdir þegar líða fer að hausti.

Á vormánuðum gáfum við út starfsmannahandbók. Bókinni er ætlað að styrkja okkur í því að taka á móti nýjum starfsmönnum og einnig að við göngum betur í takt eins og vikið var að hér að ofan.

Við erum byrjuð að endurskoða skólanámskrána okkar sem komin er til ára sinna. Þeirri vinnu á að ljúka um áramót.

Við búum við nokkuð stöðugt starfsmannahald. Við viljum efla og virkja starfsmannahópinn til góðra verka. Margar leiðir hafa verið farnar til þess að efla starfsmannahópinn. Starfsmenn eru hvattir í frekara nám sem skapar bæði ákveðin stöðugleika og styrkir starfsmenn í starfi. Við viljum halda áfram að efla okkur í útinámi og ræktun af ýmsum toga. Við höfum því bjartsýn til framtíðarinnar.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Innra mat fór fram á skipulagsdögum leikskólans. Segja má að unnið hafi verið að slíku mati jafnt og þétt í gegnum allan veturinn.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn leikskólans. Væri gaman að fá börnin meira inn í endurmat.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við höfum góðan kjarna af fólki. Lóðin. Tækifæri til umbóta eru að við erum með margt í gangi, þurfum að samræma okkur betur.

Ytra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Ekkert skipulagt ytra mat.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Við höfum alltaf lagt áherslu á að hlusta á foreldra og forráðamenn barna og vinna úr málum sem upp koma.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Mat þyrfti að eiga sér stað með formlegri hætti.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hópastarf, útinám og félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Alltaf hægt að bæta sig í ræktun og útinámi. Við viljum bæta okkur þar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Auka samvinnu og samstarf milli deilda.
Ábyrgð	Stjórnendur skólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Eftir fyrsta skipulagsdag haustsins.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skipulagsdagar hafa nýst vel til endurmats. Við höfum skipt starfsmönnum í hópa og metið. Væri gaman að fá börnin meira inn í endurmat.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Sameiginlegt útinámsverkefni sem öll börn skólans koma að. Gæti til að mynda verið ræktun á einhverjum ákveðnum stað.





4 Innra mat

4.1 Hlíð

Klárlega er það mannauðurinn á deildinni sem eru helstu styrkleikarnir. Þrír leikskólakennarar og sá fjórði kláraði B.ed. gráðuna í vor. Hópurinn er samstilltur og tilbúinn til þess að vinna saman að námi barnanna. Styrkleikasvið okkar er mismunandi og kemur það sér vel. Listsköpun, útinám, ræktun, hreyfing, tónlist, stærðfræði, umhverfismennt og margt fleira eru styrkleikar okkar.

Hópastarfið hélst vel í vetur. Við vorum með einn hóp í heila viku og skiptum svo næstu viku. Ég, Guðrún og María/Elham/Lárus sáum um þetta.

Útinám: Gekk vel þegar Lárus fékk að vera í hópastarfinu. Eftir áramótin, þegar María var í skólanum og verknámi þá þurfti undirbúningur Lárusar að vera á þriðjudögum og miðvikudögum á morgnanna og þá var útinám bara einu sinni í viku en hefði átt að vera þrisvar. Reynt var að skipuleggja útinám eftir hádegi tvo daga en það varð aldrei neitt úr því.

Skólahópur: Sjaldan hægt að vera með elstu börnin sér í hópi. Þurfti oft að vera með blandaðan hóp í aldri. Það var erfitt. Reyndi að hafa skólahóp 2x í viku eftir hvíldina en það gekk ekki sérstaklega vel. Hópurinn var frekar stór, 12 börn, svo ég skipti honum niður í tvo hópa. Nokkrir krefjandi einstaklingar í hvorum hóp og veita þurfti þeim mikla athygli á kostnað hinna. Helmingur af skólahópnum var ekki með áhuga fyrir skipulögðum verkefnum og vildu bara leika. Lubbi var ekki mjög vinsæll. Ég var ekki vel fyrir kölluð í vetur og fannst þetta vera erfitt og ekki tilgangur að halda áfram að kenna þeim því þau nenntu þessu ekki. Spurning um að breyta skipulaginu og reyna að hafa smærri hópa og hver hópur er einu sinni í viku. Það eru 16 börn í elsta hópa næsta vetur og skipuleggja þarf verkefnavinnuna út frá því og þeirra áhuga.

Listsköpun og útinám: Gekk mjög vel. Það var alveg undantekning að einhver vildi ekki taka þátt. Reynt að hafa fjölbreytt verkefni. Féll stundum niður vegna allskonar ferða elstu barnanna.

Hreyfing og tónlist: Gekk mjög vel. Gott fyrir krakkana sem ekki eru dugleg að hreyfa sig og eru feimin eða kvíðin. Þau læra að komast inn í hópinn og taka þátt. Gott að hafa ekki meira en 30 mínútur í einu. Gaman að sjá hvað þau þorðu meira. Hvetjandi að þau vilja hreyfa sig meira, til dæmis að fá að hlaupa hring í kringum húsið ef þau finna mikla spennu inn í sér.

Samstarf: Gott samstarf var við Vogaskóla. Meðal annars fórum við þrisvar sinnum í heimilisfræði, textílmennt, smíði, fórum í íþróttir með fyrsta bekki reglulega yfir skólaárið, borðuðum hádegismat nokkrum sinnum, fórum oft á bókasafnið og snillismiðja þar sem farið var í grunn forritun. Okkur var





boðið á leikritin Ronja og Ávaxtakarfan sem börn í Vogaskóla settu upp, fórum á Lúsíuhátíð í desember og líka í söngsal. Fengum líka hópa frá Vogaskóla í heimsókn til okkar. 7.bekkur kom og las fyrir krakkana fjórum sinnum, hópur kom í vasaljósaleiðangur og útinám, fyrsti bekkur kom í garðinn til okkar að leika og margt fleira var gert saman.

Leikskólinn Ævintýraborg í Vogabyggð kom til okkar þegar slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kom með sína fræðslu í vor. Eins höfðum frumkvæði að samstarfi elstu barnanna við leikskólann Ævintýraborg í Vogabyggð. Þar sem þau eru bara með fjögur börn í elsta árgangi fannst okkur upplagt að hafa þau með okkur í ýmsu sem við erum að gera. Þau koma með okkur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Listasafn Íslands, Gufunes og fleiri ferðir, eins förum við í heimsókn til þeirra og leikum okkur úti og inni.

Borgarleikhúsið bauð okkur í leikhús í vor, við tókum þátt í barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar, fórum á bókasafnið í Sólheimum,

Tækifæri

Umbótaáætlun deilda 2024-2025 má finna í fylgiskjöllum.

1. Halda hópastarfi. Gott að vinna með litla hópa. Prófa að aldursskipta hópunum eins og hægt er.
2. Ætlum að alda áfram að vera með hvern hóp í heila viku í einu.
3. Könnunaraðferðin verður notuð næsta vetur til að finna út áhugasvið hópana og vinna út frá því.
4. Skipta skólaárinu niður í viðfangsefni/verkefni. Ákveða á fyrsta deildarfundum hvaða viðfangsefni verða tekin.





4.2 Kjarr

Endurmat á þáttum í leikskólastarfi

Hópastarf og útinám

Ákveðið var að flétta saman hópastarfinu og útináminu og er skipulagt starf þrisvar í viku á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum fyrir hádegi.

Með því að samtvinna þessa þætti saman finnst okkur við hafa náð meiri dýpt í bæði hópastarfið og útinámið og fellur starfið aldrei niður vegna manneklu þar sem hóparnir eru allir saman.

Við vinnum mörg verkefni úti í útináminu og yfirfærum þau oft inn á deild líka og vinnum ýmis verkefni tengt því eftir hádegi og suma daga fyrir hádegi ef ekki er hægt að fara út.

Aðalhindranirnar sem við höfum rekist á eru að suma daga eru léleg loftgæði og getum við þá ekki farið út í útinám og svo vegna þess að engin ákveðin listasmiðja er í leikskólanum er oft erfitt að vinna að stóru verkefni þar sem nýta þarf öll borð fyrir matartíma barnanna. Því miður höfum við enga stjórn á loftgæðunum í kringum okkur og getum því ekki yfirstigið þá hindrun en þrátt fyrir plássleysi reynum við að gera okkar besta að finna pláss fyrir verkefni barnanna sem við erum að vinna að í hverju sinni.

Þau markmið sem við viljum ná eru að börnin hafi ánægju af því að vera úti í náttúrunni og læri að bera virðingu fyrir henni ásamt því að efla hugmyndaflug þeirra að verkefnum sem geta tengst bæði útinámi og hópastarfi með góðri samvinnu á milli þeirra og okkar starfsmanna.

Okkar vilji er einnig að koma upp útikennslu verkefnum á Steinagerði líkt og á Hlíð en fyrir þann aldur sem dvelur á Steinagerði. Það hefur sýnt sig að með því að hafa þetta á einum stað (á Hlíð) höfum við ekki getað nýtt okkur verkefni þar nógu mikið vegna tímaleysis og væri frábært að hafa verkefni í okkar húsi líka og stoppa þessi óþarfa hlaup á milli húsa til að finna efnivið.

Félagsfærni:

Félagsfærni er hjá okkur í öllu daglegu starfi, við kennum þeim góða samskiptafærni, að getað lesið í tilfinningar hjá öðrum, að sýna góðan liðsanda, að vita hvaða hegðun er viðeigandi í mismunandi aðstæðum, að læra félagsleg samskipti við aðra og fleira.

Á deildinni er bangsinn Blær og notum við hann sem tákni vináttunnar. Við höfum ekki unnið markvisst með Blæ en reglulega kemur stóri Blær til okkar og talar um mikilvægi vináttunnar og hvað það þýðir að vera góður vinur.





Þær hindranir sem að stoppa okkur til að nota Blæ meira er tímaleyfi og einnig þekkingaleyfi á efninu hjá sumu starfsfólki. Erfitt getur verið að leysa tímaleyfið en mögulega væri hægt að byrja með Blæ einu sinni í viku og auka svo við þegar lausara er um tímann. Einnig er hægt að aðstoða starfsmennina í undirbúning sínum að finna til efnið um Blæ og fá þá til þess að kynna sér það betur og koma með hugmyndir hvernig við getum nýtt það inn á deild.

Umbótaráætlun á þáttunum útinám, hópastarf og félagsfærni á Kjarri.

Hópastarf og útinám:

Aðalhindrun í útinámi eru loftgæðin en það er ekkert sem við getum gert í tengslum við þau. Verðum með aukaverkefni sem verður hægt að grípa í til að vinna þegar loftgæðin eru slæm og ekki hægt að fara út. Allir starfsmenn deildarinnar sjá um að koma með hugmyndir að slíkum verkefnum og búum við til hugmyndabanka sem auðvelt er að grípa í á svona stundum.

Einnig langar okkur að koma okkur upp útikennslu verkefnum í Steinagerði eins og á Hlíð og ætlum við að vinna í því næsta vetur. Deildarstjórar á Steinagerði taka sig saman og finna pláss fyrir verkefnin og hjálpast að við að gera spjöldin og finna til efnivið fyrir verkefnin sjálf. Allir starfsmenn aðstoða eftir þörfum.

Félagsfærni:

Bangsinn Blær er notaður sem tákn vináttunnar á deildinni og ætlum við að taka Blæ stundir fastari tókum næsta vetur. Þar sem erfiðlega gekk að koma öllum Blæ hópum að yfir vikuna ætlum við að taka eina samverustund á dag undir Blæ og hafa allan hópinn saman og einbeita okkur að léttari verkefnum tengt honum til að keyra þetta af stað. Til að halda Blæ virkum tókum við stöðuna á honum á öllum deildarfundum næsta vetur og tölum um hvað má betur fara og komum með hugmyndir ef einhver er óviss hvernig framkvæma eigi hlutina. Undirbúningur starfsmanna mun fara að hluta til í að kynna sér efnið um Blæ til að auka þekkingu sína á þessu mikilvæga verkefni.





4.3 Laut

Endurmat á Hópastarfi, Félagsfærni, Útikennsla.

Skipulagt hópastarf er á þriðjudögum og miðvikudögum fyrir hádegi. Skipst er á vikulega að hafa útikennslu og listasmiðju. Hinn hópurinn hefur verið í könnunarleik/leik með verðlausan efnivið/hlutverkaleik. Höfum svo bætt við málörvunarborði í hópastarfið eftir að nýr deildastjóri kom, þegar listasmiðjan er.

Hópastarfið hefur gengið vel og hafa börnin verið áhugasöm og tekið virkan þátt í öllu sem hefur verið í boði. Það hefur gengið vel að hafa fastar manneskjur á stöðvunum. Starfsmenn hafa skipt um stöð ef það hefur ekki gengið upp.

Það sem hefur gengið sérlega vel hefur verið t.d. bandið sem við notum í göngutúrum og útikennslu. Hópurinn heldur sig saman allan tímann og eiga þau mun auðveldara með að halda í handföngin á bandinu heldur en að haldast í hendur með t.d. fyrir ferða miklum vettlingum o.s.frv.

Það hefur einnig gengið vel í listasmiðju, þar sem að það er fyrir fram ákveðið hvað er verið að fara gera og því minni pressa á þann sem er með hópastarfið að koma með hugmyndir að verkefnum.

Við ætlum líka að halda áfram með málörvunarborðið, þar sem að hópnum er skipt í tvennt og þá er einn að vinna í listasmiðju á meðan hinir eru að spila, lesa, o.s.frv.. og eru ekki óþolinmóð að bíða eftir að röðin kom að þeim.

Hópastarfið gat verið svolítið vesen og gekk oft ekki upp þegar við vorum 3 starfsmenn. En eftir að bættist við starfsmaður er hægt að rúlla hópnum, þrátt fyrir að einhverjir þurfi bleyju eða á WC 😊

Einnig geta loftgæðin haft áhrif á útikennsluna. En þá er hægt að gera eitthvað markvisst inni, t.d. einhverskonar stöðvavinnu. Einnig væri hægt að hafa þá listasmiðju þann dag og svo fara út með hóp næst, sérstaklega þegar veðrið verður gott.

Markmið okkar er í raun að halda markvissu hópastarfi út skólaárið. Að börnin eru í einhverju skapandi, eru í útinámi og eru í málörvun til skiptis. Á næsta deildafundi munum við ákveða komandi verkefni svo það sé aðgengilegt og fyrirsjáanlegt hvað við erum að gera hverju sinni og allir geti gengið inn í allra störf.





5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Það er gerð einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem þurfa þykkir, þær eru byggðar á VB-mapps eða AEPS. Börn sem eru með stuðning taka þátt í leikskólastarfinu eftir getu. Stuðningur er inn á deild með barnahópnum eins og hægt er en hann fer líka fram í litlum hópum og einstaklingsþjálfun. Börn sem njóta stuðnings eru hluti af hópnum og öllu daglegu starfi sem á sér stað á leikskólanum. Skráningar eru gerðar út frá skráningarblöðum sérkennslu og einstaklingsnámskrár eru endurmetnar 2-3 á ári eða eftir þörfum.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Eftirfarandi matsgögn eru notuð á Steinahlíð með öllum börnum leikskólans; EFI-2, TRAS og Hljóm. Eftirfarandi listar eru nýttir eftir þörfum: AIPS, VB-mapp, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn og Hæfnisrammarnir.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Í sérkennslunni eru fjölbreyttar leiðir nýttar við kennslu. Smáforritinn; Leikum og lærum með hljóðinn, Orðagull, Bitsbord, Mokamera og Osmos. Námsgögn sem eru nýtt eru; málörvunarspil, bækur, lög, ljósmyndir, samskiptabækur, orð eru ævintýri, verkefnablöð og Tölum saman.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
<p>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</p>	<p>Sýnilegri einstaklingsnámskrá. Allir lesa yfir fundargerðir eftir teymisfundi og kvitta undir.</p>
<p>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</p>	<p>Við stefnum að því að allir starfsmenn deildarinnar viti hvaða markmiðum er verið að vinna að með börnum sem njóta stuðnings og hvaða leiðir við ætlum að nýta til að ná þeim.</p>
<p>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</p>	<p>Setja upp einstaklingsnámskrá upp á deild og setja niður leiðir um það hvernig er hægt að vinna að markmiðunum.</p>





	Prenta út fundargerðir eftir teymisfundi og fara með inn á deild. Biðja starfsfólk að lesa yfir og kvitta undir þegar það hefur lokið því.
Ábyrgð	Sólveig Indíana Guðmundsdóttir sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Verkefnið hefst núna og er endurmetið maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umbæturnar tókust ef; (1) starfsfólk veit hvar einstaklingsáætlunin er og hefur kynnt sér hana. (2) Ef starfsfólk viðeigandi deilda hafa lesið yfir teymisfundi og kvittað fyrir því.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að einstaklingsnámskrár hafi verið lesnar af starfsfólki og þau kvittað undir þess efnis.





5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Það fer allt í starfmannakostnað
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er unnið með grunnorðaforða á fjölbreyttan hátt út frá því sem verið er að gerast í aðstæðunum hverju sinni fyrir sig. T.d. eru starfsmenn duglegir að leggja inn orðaforða á fatnaði í fataklefanum og mat í matmálstímum.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Já það sem börnin segja er endurtekið rétt og víkkað út í daglegum samræðum. Í skipulögðum stundum er unnið með orðaforða barnanna og hann víkkaður út.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við höfum notað hæfnisrammana fyrir börn sem byrja í fyrsta skipti í íslensku námsumhverfi og eru eldi en 3 ára.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Málörvunarstundir taka á mörgum þáttum læsisstefunnar en það er misjafnt hvað er lagt áherslu á út frá þörfum og aldri barnanna sem eru í þjálfun.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaráttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Þemavikur grunnorðaforða. Nýta hæfnisrammana með fleiri börnum þegar við á. Útbúa einstaklingsnámskrá út frá hæfnisrömmum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Við stefnum að því að skipuleggja málörvunarstarfið betur í vetur og auka skráningar hjá börnum sem fara í málörvunartíma.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Það verða settar niður þemavikur fyrir árið þar sem unnið verður að grunnorðaforða í ákveðnum flokki í hverri viku. Bækur, spil og verkefni verða gerð aðgengileg fyrir hvert þema þegar það á við og kynnt fyrir foreldrum.





	Hæfnisrammarnir verða fylltir út fyrir börn sem hafa þörf á þeim sama hversu lengi þau hafa verið í íslensku málumhverfi. Út frá þeim verður svo gerð einstaklingsnámskrá.
Ábyrgð	Sólveig Indíana Guðmundsdóttir sérkennslustjóri og Freyja Sigurðardóttir sérkennari
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst 1. September og lýkur 30. maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Settir verða niður reglulegir endurmatsfundir þar sem skoðað verður hvernig gengur að fylgja eftir þemavikum og hæfnisrömmum. Fundargerðir frá þeim fundum verða nýttir í endurmat.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að einstaklingsnámskrá sé gerð og nýtt af starfsfólki. Að þemavikur séu notaðar til að velja námsefni.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin í febrúar. Að þessu sinni var ákveðið að leikskólastjóri tæki viðtal við aðra stjórnendur, deildarstjóri og sérkennslustjóri tæku svo viðtöl við sitt fólk.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við Vogaskóla gekk vel. Elstu börnin fóru til að mynda nokkrum sinnum í heimilisfræði. Lesa má nánar um samstarfið í endurmati frá Hlíð hér að ofan.

8 Foreldrasamvinna

Segja má að foreldrasamstarf sé í nokkuð föstum skorðum. Við höfum ýmsa viðburði sem foreldrar sækja. Ánægja hefur verið með það fyrirkomulag. Við lítum á foreldra sem okkar helsta bandamann í leikskólastarfinu.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða sex talsins næsta vetur, eins og verið hefur. Þeir dagar sem eru sameiginlegir með grunnskólum hverfisins eru:

Föstudagurinn 29. Nóvember

Mánudagurinn 24. Mars

Föstudagurinn 16. Maí.

Aðrir skipulagsdagar eru:

Mánudagurinn 23. September

Föstudagurinn 10. Janúar

Mánudagurinn 17. Febrúar





10 Fylgiskjöl

Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

10.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Foreldraráð fær ekki betur séð en að áherslum starfsáætlunar síðasta árs hafi verið fylgt vel eftir. Deildirnar vinna mikið með hópastarf og flétta það oft saman við útinámið sem við teljum vera mjög jákvætt. Deildarstjórar eru einnig duglegir að upplýsa foreldra um stöðu mála í vikulegum póstum sem er jafnan sendur út á föstudögum og veitir innsýn inn í starfið. Mikil útivera er í dagsskipulagi skólans enda býðir leikskólalóðin upp á ýmis tækifæri til náms og leiks. Foreldraráð tekur undir með umfjölluninni er varðar léleg loftgæði enda hefti það starið mikið. Starfsfólkið er samt hugmyndaríkt og nær að vinna vel með það takmarkaða pláss sem er inni á þeim dögum sem ekki er hægt að fara út.

Blær er einnig á leikskólanum sem er verkefni um vináttu og forvörn gegn einelti. Foreldraráð fagnar því og telur það hjálpa börnunum varðandi félagsfærni og tilfinningaþroska.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlun leikskólans getur verið erfitt að finna. Á vefsíður Reykjavíkurborgar um OSteinahlíð er að finna starfsáætlun frá 2017-2018¹ og finnur undirrituð t.a.m. ekki síðastliðnu starfsáætlun leikskólans fyrir 2023-2024 á netinu. Telur foreldraráð mega bæta það og t.d. hafa nýjustu starfsáætlun leikskólans inn á vef Reykjavíkurborgar.

¹ <https://reykjavik.is/ibuar-born-unglingar-og-ungt-folk-leikskolar/steinahlid>





Starfsáætlun Steinahlíðar hefur verið auðlesanleg og er starfsáætlunin fyrir 2024-2025 þar engin undantekning.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin gefur góða hugmynd um starfið og gott er að hafa starfsáætlun tiltæka svo foreldrar geti lesið sér til um og svarað mögulegum spurningum sem gætu komið upp er varðar áherslur eða annað

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Froeldraráð gerir engar athugasemdir við starfsáætlunina en ítrekar aðgengi að henni svo allir foreldrar leikskólans geti lesið og kynnt sér starfsáætlunina.

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Birta Sif Arnardóttir

F. h. leikskólans

Bergsteinn Þór Jónsson

2.7.2024

Leikskólastjóri

Dagsetning



